


# Ársskýrsla 2007



**RSK**  
RÍKISSKATTSTJÓRI

## Skipurit ríkisskattstjóra 31. desember 2007



### Megináherslur ríkisskattstjóra

- ❖ Samræmi í skattframkvæmd
- ❖ Góð þjónusta
- ❖ Skilvirk afgreiðsla stjórnsýsluerinda
- ❖ Skilvirkt skatteftirlit
- ❖ Öruggt skráarhald
- ❖ Öruggur rekstur tölvukerfa
- ❖ Hagkvæmni í rekstri
- ❖ Fjárlög séu virt

# Efnisyfirlit

---

<b>Aðfararorð ríkisskattstjóra .....</b>	<b>2</b>
<b>Hlutverk ríkisskattstjóra .....</b>	<b>3</b>
<b>Starfsemin á árinu 2007 .....</b>	<b>5</b>
Próunarmál og breytingar .....	5
Starfshópar .....	6
Lagatúlkun og samræming .....	8
Stjórnsýsluákvæðanir og afgreiðsla skatterinda .....	10
Álagning opinberra gjalda .....	12
Rafræn þjónusta .....	15
Skatteftirlit .....	18
Óbeinir skattar og staðgreiðsla .....	20
Fyrirtækjaskrá - ársreikningaskrá .....	24
Fræðsla og upplýsingagjöf .....	26
Þjónustuver .....	28
Skjalastjórnun og afgreiðsla .....	29
Mannauður ríkisskattstjóra .....	30
Öryggismál .....	32
Rekstur tölvukerfa .....	33
Alþjóðleg samvinna .....	35
<b>Ársreikningur 2007 .....</b>	<b>36</b>

*Umsjón: Jens Þór Svansson*

*Ljósmyndir: Logi Halldórsson, Arnaldur Halldórsson, Inga Hanna Guðmundsdóttir*

*Hönnun og umbrot: Logi Halldórsson*

*Prentun: Ísafoldarprentsmiðja*

**RSK 13.03 0806**

## Aðfararorð ríkisskattstjóra

Árið 2007 var breytinga- og mótunarár hjá embætti ríkisskattstjóra. Með nýjum stjórnendum fylgja eðli máls samkvæmt breyttar áherslur og önnur hugsun frá því sem áður hafði verið. Stofnað var þróunarsvið er fékk það hlutverk að leiða hagræðingu, þróun og endurskipulagningu. Öll lögbundin verkefni embættisins voru ferilgreind með það fyrir augum að tryggt væri að verkefni séu unnin á þann hátt sem til er ætlast og að ábyrgðarsvið stjórnenda væri skýrlega ákveðið.

Fyrri hluta ársins létu nokkrir millistjórnendur af störfum og í framhaldi af því mótaði ný yfirstjórn ný markmið, með nýjum áherslum. Í kjölfar þess staðfesti Fjármálaráðuneytið nýtt stjórnskipulag embættisins. Forstöðumönnum sviða var fækkað en deildarstjórum fjölgað og leitast var við að dreifa ábyrgð og ákvarðanatöku eftir því sem kostur var á. Í nýju skipulagi voru fageiningar, sem lagðar höfðu verið niður þrem árum fyrr, endurvaktar en þó í breyttri mynd. Starfsmönnum fækkaði lítillega og verkefni voru færð til milli eininga.

Undirbúningur að mótun nýrrar mannauðsstefnu hófst, þar sem byggt væri á trausti og virðingu. Fundargerðir yfirstjórnar voru gerðar öllum starfsmönnum aðgengilegar. Breytingar voru gerðar á mótuneyti og margháttáðar fleiri umbætur á aðbúnaði starfsmanna. Þá hófust almennir starfsmannafundir að nýju. Mikill kraftur var í námskeiðahaldi og hafa aldrei jafnmargir starfsmenn skattfyrvalda sótt fræðslunámskeið hjá ríkisskattstjóra.

Nýr vefur, þjónustuvefur skattstjóra, [www.skattur.is](http://www.skattur.is), var opnaður og meginhlutverk skattstjóra við álagningu opinberra gjalda þannig gert sýnilegra. Samráðsfundir ríkisskattstjóra og skattstjóra urðu með öðrum hætti og samstarf við skattstjóra var aukið með málstofum starfsmanna á tilteknum sviðum skattframkvæmdarinnar.

Á árinu var öll afgreiðsla innsendra stjórnisýsluerinda í samræmi við markmið um afköst og gekk þannig vel og á flestum sviðum jókst framleiðni þrátt fyrir fækkun starfsfólks. Faglegur hluti ríkisskattstjóra var eflur verulega með ráðningu starfsmanna með viðtæka reynslu af skattframkvæmd og skattarétti. Aukinn kraftur var settur í samningu nýrra verklagsreglna í tekjuskatti og endurskoðun handbókar um virðisaukaskatt var jafnframt hafin. Hafist var handa um endurútgáfu lagasamfella bæði í tekjuskatti og virðisaukaskatti. Þá var hafinn undirbúningur að endurbættu tölvukerfi fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra og skattstjóra til uppflettingar á verklagsreglum ásamt tilheyrandi lögum, dómum, úrskurðum og ákvarðandi bréfum til að auðvelda samræmi í skattframkvæmd. Allmargir starfshópar voru skipaðir til að yfirfara skattframkvæmdina og koma með tillögur um breytingar. Þess mun sjá stað á næstu árum.

Þá hófst undirbúningur að endurskipulagningu á vef ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is), með það fyrir augum að notkun hans yrði gerð auðveldari og fylgt yrði breyttum tímum við framsetningu upplýsinga um skattamál.

Loks var markvisst unnið að hagræðingu í rekstri og áherslum embættisins, fjölmargir rekstrarliðir voru endurskoðaðir svo sem ferðir erlendis sem á árinu voru innan við þriðjungur frá því sem áður hafði verið.

Breytingum þeim sem gerðar hafa verið er ætlað að stuðla að bættri skattframkvæmd, skilvirkri stjórnisýslu og betri þjónustu fyrir almenning og fyrirtæki í landinu. Aukinn árangur næst þó aðeins með góðri samvinnu allra skattfyrvalda og starfsmanna þeirra. Er öllum starfsmönnum ríkisskattstjóra, skattstjórum og starfsmönnum þeirra, þökkuð góð störf.

**Skúli Eggert Þórðarson**

# Hlutverk ríkisskattstjóra

---

Ríkisskattstjóri starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, öll með áorðnum breytingum, ásamt reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða starfsemi ríkisskattstjóra.

Meginverkefni embættisins eru sem hér segir:

## Lagatúlkun og samræming

Verkefni ríkisskattstjóra á þessum vettvangi eru helst þessi:

- ❖ túlkun réttarheimilda á sviði skattaréttar og setning framkvæmda- og starfsreglna.
- ❖ hafa eftirlit með störfum skattstjóra og tryggja að samræmi sé í ákvörðunum þeirra.
- ❖ koma fram fyrir hönd ríkissjóðs og annarra gjaldkrefjenda gagnvart yfirsattanefnd og veita umsagnir í dómsmálum sem snúast um skattlagningu.
- ❖ gefa bindandi álit í skattamálum um túlkun skattalaga og svara fyrirspurnum um álitaefni í skattamálum.
- ❖ sjá um að gildandi reglur og réttarheimildir í skattarétti á hverjum tíma séu öllum aðgengilegar.
- ❖ annast beiðnir um endurupptöku skattamála og sjá um endurákvörðun skatta í málum sem beint er til embættisins.
- ❖ koma fram fyrir hönd íslenskra skattyfirvalda sem bært stjórnvald um framkvæmd tvísköttunarsamninga gagnvart öðrum samningsaðilum og annast samskipti við erlend stjórnvöld hvað skattastjórnsýslu varðar.

## Skattframkvæmd og þjónusta

Ríkisskattstjóri hefur með höndum umsjón flestra þátta skattframkvæmdar. Hér fellur undir yfirstjórn með staðgreiðslu og tryggingagjaldi, undirbúningur og umsjón með vélvinnslu álagningar opinberra gjalda, þjónusta við gjaldendur, einstaklinga og fyrirtæki og þá sem atvinnu hafa af framtalsgerð. Ríkisskattstjóri annast samningu verklagsreglna og fyrirmæla við skattframkvæmd og gerir tillögur til fjármálaráðuneytis um skattmat og reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi aðila. Ríkisskattstjóri annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir öll skattyfirvöld svo sem rekstur og viðhald tölvukerfa, viðhald vélbúnaðar, sameiginlegt skrifstofuferfi, prentun og dreifingu eyðublaða til gjaldenda og annarra. Ríkisskattstjóri leggur á úrvinnslugjald vegna ökutækja, spilliefna og umbúða, olúgjald, kílómetragjald, bifreiðagjald og áfengisgjald og hefur með höndum eftirlit með starfsemi áfengisframleiðenda.

## Skatteftirlit

Ríkisskattstjóri annast yfirstjórn skatteftirlits. Hann hefur frumkvæði að þróun eftirlitsaðferða, greiningu á eftirlitsþörf og mótun eftirlitsstefnu skattyfirvalda á hverjum tíma í samstarfi við skattstjóra. Ríkisskattstjóri sér um öflun eftirlitsupplýsinga, úrvinnslu, og miðlun til skattstjóra ásamt því að fylgjast með framkvæmd og árangri af skatteftirliti. Árlega er gerð skýrsla um framkvæmd skatteftirlits til fjármálaráðuneytis. Ríkisskattstjóri annast móttöku og miðlun eftirlitsupplýsinga milli landa og fer með skatteftirlit í einstökum málum að eigin vali eða að óskum skattstjóra. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að endurákrvarða skatta þegar eftirlitsaðgerðir hans gefa tilefni til þess.

## Fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá o.fl.

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá, þar á meðal hlutafélagaskrá, annast skráningu á atvinnustarfsemi og ýmiss konar félagastarfsemi og veitir upplýsingar úr þeim skráum. Ríkisskattstjóri sér einnig um starfrækslu ársreikningaskrár, söfnun ársreikninga og miðlun þeirra til almennings svo og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Þá hefur ríkisskattstjóri með höndum eftirlit með því að iðgjöld séu greidd skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## Fræðsla og upplýsingamiðlun

Ríkisskattstjóri hefur með höndum kennslu um skatta og skattframkvæmd fyrir starfsmenn skattýfirvalda og almenna fræðslu og leiðbeiningar um skattamál fyrir almenning. Safnað er saman upplýsingum um starfsemi skattýfirvalda og álagningu skatta og gjalda og eru þær hafðar aðgengilegar fyrir stjórnvöld og aðra sem eftir þeim leita.

### Áhersluatriði ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri hefur einfaldað stefnumið embættisins frá því sem áður hefur verið. Jafnframt hafa áherslur embættisins verið endurmetnar og sérstaklega hugað að hinum faglega þætti starfsins með það fyrir augum að hann yrði styrktur með breyttu verklagi og nýju skipulagi.

Helstu einkenni skipulags RSK eru að starfsemi embættisins er skipt í fjögur megin svið; skattasvið, stjórnsvið, tækni- og skipulagssvið og fyrirtækjaskrá. Jafnframt er rekstur stoðeilda skilgreindur, en þær ganga þvert á megin sviðin. Þar er um að ræða rekstrarskrifstofu, starfsmannamál, öryggismál, fræðslumál og ritstjórn Tíundar. Meðferð ársreikninga og eftirlit með þeim er auðkennt sérstaklega.

Megináherslur ríkisskattstjóra eru:

- ❖ samræmi í skattframkvæmd
- ❖ góð þjónusta
- ❖ skilvirk afgreiðsla stjórnsviðs
- ❖ skilvirkt skatteftirlit
- ❖ öruggt skráarhald
- ❖ öruggur rekstur tölvukerfa
- ❖ hagkvæmni í rekstri
- ❖ fjárlög séu virt

Meginmarkmið ríkisskattstjóra er að skattskil almennings og fyrirtækja séu rétt og í samræmi við lögbundnar skyldur. Það er einnig eitt af meginmarkmiðum ríkisskattstjóra að þeir sem leiti til embættisins með ósk um þjónustu, svo sem að skrá fyrirtæki, fái þjónustuna á öruggan og góðan hátt í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Öll áhersluatriði ríkisskattstjóra eru leiðarljós á þeirri vegferð og sett fram með það fyrir augum að auðveldara sé að ná meginmarkmiðum embættisins.

# Starfsemin á árinu 2007

---

## Þróunarmál og breytingar

### Greining verkferla og kostnaðar

Á árinu var sett af stað vinna við greiningu verkferla og kostnaðar hjá embættinu. Niðurstaðan af þessum athugunum var sú að unnt væri að ná meiri hagkvæmni í rekstri embættisins og um leið að styrkja faglega þætti með breyttu skipulagi. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði víkkað út þegar fram í sækir og kostnaður við einstök verkefni og verkferla greindur. Forsenda slíkrar greiningar er að tekið verði upp verkþókhald og tímaskráning.

### Skipulagsbreytingar

Árið 2007 kynnti ríkisskattstjóri nýtt skipurit þar sem sviðum var fækkað og verkefnum skipað með öðrum hætti en verið hafði. Þjónustusvið, eftirlitssvið, þróunarsvið og réttarsvið voru lögð niður en í þeirra stað voru stofnuð ný svið; skattasvið, stjórnsýslusvið og tækni- og skipulagssvið.

Með skipulagsbreytingunum var deildarstjórum fjölgað og þeir gerðir sjálfstæðari og þannig stuðlað að aukinni valddreifingu, skýrari boðleiðum og skilvirkari ákvarðanatöku. Fagdeildir sem áður höfðu verið lagðar niður voru endurvaktar og einnig ráðinn deildarstjóri til að koma þjónustuveri á laggirnar. Engum var sagt upp vegna skipulagsbreytinganna en nokkrir starfsmenn voru færðir til vegna tilflutnings verkefna og eins í hagræðingarskyni.

### [www.skattur.is](http://www.skattur.is)

Álagning opinberra gjalda er á verksviði skattstjóra og var á árinu útbúinn sérstakur vefur með það að markmiði að vera rafrænn vettvangur fyrir samskipti gjaldenda við skattstjóra. Hinn 1. mars 2007 opnaði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra formlega nýjan þjónustuvef skattstjóra, [www.skattur.is](http://www.skattur.is). Hér er um að ræða vef þar sem gjaldendur geta haft rafræn samskipti við skattstjóra í gegnum þjónustusíðu sem býður upp á margvíslega möguleika. Þar ber vitaskuld hæst árleg skil skattframtala en einnig munu gjaldendur geta sótt afrit skattframtala fyrri ára, ýmis konar vottorð tengd skattálagningu, pantað skattkort, sótt ýmis konar persónulegar upplýsingar svo sem um bifreiðaeign, fasteignir, stöðu opinberra gjalda og staðgreiðslu svo fátt eitt sé nefnt.

Skattframtölum var áður skilað á vef ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is), en á undanförunum árum hefur sá vefur styrkst mjög og orðið einn af stærri upplýsingavefjum landsins. Greiður samgangur er á milli [www.rsk.is](http://www.rsk.is) og [www.skattur.is](http://www.skattur.is) en hinum síðarnefnda er ætlað að vera einvörðungu fyrir samskipti gjaldenda við skattstjóra. Ef framteljendur þarfnast frekari upplýsinga eða eiga önnur erindi flytjast þeir sjálfkrafa yfir á vef ríkisskattstjóra.

### Breytingar á innri vef

Á árinu var hafinn undirbúningur að nýju upplýsingakerfi, Fróða, fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra og skattstjóra til uppflettingar á verklagsreglum ásamt tilheyrandi lögum, dómum og úrskurðum. Kerfið mun gera alla upplýsingaleit auðveldari og fljótvirkari og birta ítarlegri upplýsingar en áður hafa verið aðgengilegar á einum stað. Safnað verður saman öllum atriðum sem varða ákveðin skattaleg atriði, s.s. lögum, reglugerðum, dómum, úrskurðum, ákvarðandi bréfum og verklagsreglum.

# Starfshópar

---

Á árinu 2007 voru skipaðir starfshópar sem ætlað var að koma með tillögur að breytingum í skattframtölum með það að markmiði m.a. að einfalda skattskil, fækka áætlunum og tryggja samræmi.

## Áætlunir í virðisaukaskatti

Starfshópurinn hafði til skoðunar fyrirkomulag á áætlunum skattstofna í virðisaukaskatti. Starfshópnum var ætlað að yfirfara nógildandi lagaákvæði virðisaukaskatts og viðeigandi reglugerðir um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Sömu leiðis var starfshópnum ætlað að yfirfara þá framkvæmd sem nú er viðhöfð og koma með tillögur um breytingar á skattframtölum og viðeigandi reglum.

## Skráning erlendra aðila

Starfshópurinn hafði það verkefni að ákveða hvort og þá hvernig erlendir aðilar fengju skráningu hérlendis. Hér á landi eru einstaklingar og lögaðilar sem hafa tekjur frá erlendum aðilum þar sem skylda þess síðarnefnda er að halda eftir staðgreiðslu af launum, arði eða vöxtum. Ekki hefur verið fyllilega ljóst hvernig þeir aðilar hafa átt að standa skil á téðum skattgreiðslum og grunur er um að framkvæmdin hafi ekki verið sem skyldi. Þá þykir nýlegur dómur Hæstaréttar gefa tilefni til að hugað verði nánar að þessum málum.

## Innra öryggi og verkferlar við framkvæmd virðisaukaskatts

Starfshópurinn var ætlað að fara yfir þær ráðstafanir sem til staðar eru, fyrirmæli sem gefin hafa verið út af ríkisskattstjóra til skattstjóra og innheimtumanna og leggja mat á nauðsynlegar viðbótarráðstafanir varðandi innra öryggi og verkferla við framkvæmd virðisaukaskatts. Hópurinn kannaði verkferla sem til staðar voru og kom með tillögur að nýjum verkferlum með það að markmiði að auka innra öryggi við framkvæmd virðisaukaskatts.

## Bætt skil skattframtala

Starfshópurinn hafði það aðalverkefni að leita leiða til að bæta skattskil einstaklinga utan atvinnurekstrar og lögaðila. Meginmarkmið hópsins var að fækka þeim einstaklingum sem ekki standa skil á skattframtölum og sæta þurfa áætlunum frá því sem verið hefur. Til að ná þessu markmiði kannaði hópurinn hvaða leiðir væru heppilegastar og til hvaða aðgerða þyrfti að grípa.

## Gerð verklagsreglna í tekjuskatti

Starfshópnum var ætlað að semja verklagsreglur um tekjuskatt sem yrðu grunnur að handbók um verkefnið. Í gerð verklagsreglna felst einkum að taka saman upplýsingar og gögn sem til eru um skýringar á tekjuskattslögum s.s. kennsluefni, vinnugögn og starfsreglur úr gagnasafni ríkisskattstjóra auk dóma og úrskurða.

## Skattuppgjör útlendinga

Hópurinn tók til endurskoðunar skattuppgjör útlendinga sem dveljast tímabundið á Íslandi með það að aðalmarkmiði að uppgjör álagðra gjalda gæti farið fram á gjaldári/brottflytningsári. Starfshópurinn kom með tillögur um nýja framkvæmd og einnig tillögur um lagabreytingar.

## Gerð handbókar í tekjuskatti

Verkefni hópsins fólst einkum í að taka saman úr gagnasafni ríkisskattstjóra upplýsingar og gögn sem til eru um skýringar á tekjuskattslögum, kennsluefni, vinnugögn og úrskurði ásamt þeim grunni sem þegar hafði verið saminn sem vísir að handbók. Auk þess vann hópurinn við að bæta og auka leiðbeiningar og semja nýja kafla með það fyrir augum að gefa út heildstæða handbók um tekjuskatt.



### **Gerð handbókar í virðisaukaskatti**

Starfshópnum var falið að taka saman úr gagnasafni ríkisskattstjóra upplýsingar og gögn sem til eru um skýringar á virðisaukaskattslögum, kennsluefni og vinnugögn ásamt því að endurskoða handbók um virðisaukaskatt sem gefin var út árið 1998. Meðal annars fór hópurinn yfir texta handbókarinnar og samdi nýja kafla eða jók við fyrri umfjöllun eftir því sem þörf var á í ljósi nýrra laga, reglugerða, dóma, úrskurða yfirkattaneftndar, bréfa ríkisskattstjóra og annarra þeirra heimilda sem liggja til grundvallar túlkun og skýringum á lögum um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra.

### **Einföldun á framtalsgerð**

Starfshópurinn hefur skoðað möguleika á endurskipulagningu úrvinnslu og áritunar upplýsinga til að unnt verði að losa sem flesta framteljendur við bein framtalsskil eftir því sem við verður komið. Í starfi hópsins hafa einnig verið skoðuð atriði sem telja má að leiði til einföldunar á framtalsgerð framteljenda og unnið að tillögum um hvernig best verði staðið að undirbúningi þeirrar breytingar að fyrirfram áritun upplýsinga verði talin fullnægjandi grundvöllur álagningar án frekari upplýsingaöflunar eða atbeina framteljenda.

Allir starfshópar hafa skilað greinargerðum um athuganir sínar og er unnið að því að koma flestum þeirra í framkvæmd.



## Lagatúlkun og samræming

### Lagafrumvörp, reglugerðir og matsreglur

Ríkisskattstjóri leggur fjármálaráðuneytinu lið við undirbúning og samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Á árinu 2007 gerði ríkisskattstjóri tillögur til ráðherra, lögum samkvæmt, um skattmat vegna tekna einstaklinga, um skattmat vegna tekna í landbúnaði og um reiknað endurgjald einstaklinga. Þá gaf ríkisskattstjóri út mat sitt á bústofni til eignar og á frádrætti frá stofni búnaðargjalds. Þá voru settar reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda.

### Bindandi álit í skattamálum

Samkvæmt lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skal ríkisskattstjóri láta uppi bindandi álit í skattamálum eftir því sem lögin kveða á um, enda varði mál verulega skattalega hagsmuni þess er eftir álitinu leitar. Hjá ríkisskattstjóra starfar sérstakur starfshópur sem fjallar um þær álitsbeiðnir sem berast samkvæmt framangreindum lögum.

Í byrjun árs 2007 voru óafgreiddar fjórar beiðnir um bindandi álit frá árinu 2006. Á árinu 2007 bárust átta álitsbeiðnir og gaf ríkisskattstjóri út níu bindandi álit á árinu 2007. Tveimur beiðnum var vísað frá og var ein beiðni óafgreidd í árslok 2007. Á árinu 2007 var lokið við að birta á vefsíðu embættisins útgefin bindandi álit frá fyrri árum sem talin eru hafa fordæmisgildi.

### Leiðbeiningar og orðsendingar

Ríkisskattstjóri sinnir viðamiklu upplýsinga- og leiðbeiningastarfi gagnvart almenningi og öðrum. Þar er m.a. miðlað upplýsingum um réttarreglur og beitingu þeirra.



## Umsagnir í kærumálum fyrir yfirsattanefnd

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 30/1992, um yfirsattanefnd, ber ríkisskattstjóra að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda gagnvart yfirsattanefnd. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning og aflar nauðsynlegra gagna frá skattstjórum. Í upphafi árs lágu fyrir óafgreidd 39 slík mál. Á árinu 2007 bárust til yfirsattanefndar 281 kæra og voru af því tilefni 290 kröfugerðir afgreiddar. Í árslok voru 30 kröfugerðir óafgreiddar.

## Álitsgerðir og samræming

Ríkur þáttur í starfsemi ríkisskattstjóra er að túlka réttarreglur og miðla upplýsingum. Skattaðilar, þeir sem starfa í þeirra þágu, sem og opinberir aðilar leita í ríkum mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum ríkisskattstjóra á réttarreglunum. Almennt hefur sú regla verið viðhöfð að fyrirspurnum er svarað á því formi sem þær berast, þ.e. síma, tölvupósti eða með formlegu bréfi. Þá ritar ríkisskattstjóri skattstjórum landsins bréf sem hafa að geyma túlkun réttarreglna eftir því sem tilefni er til. Túlkanir sem ekki hafa verið settar fram fyrir eru birtar á vefnum sem ákvarðandi bréf og eru þar með öllum aðgengileg. Gætt er að því að nöfn og önnur auðkenni séu afmáð úr bréfunum fyrir birtingu.

Á árinu 2007 barst 51 skrifleg fyrirspurn og voru gefin út átta ákvarðandi bréf og 41 almenn. Ríkisskattstjóri sendi á árinu 42 umsagnir til Alþingis, ráðuneyta, umboðsmanns Alþingis og ríkislögmans um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, reglugerðardrög, umfjöllunarefni umboðsmanns og kröfugerðir í dómsmálum.

Skattstjórum voru kynntar laga- og reglugerðarbreytingar, dómar og úrskurðir yfirsattanefndar, og voru rituð 15 formleg skattstjórabréf á árinu 2007.

## Gerð handbóka og verklagsreglna

Tekjuskattsdeild var sett á fót með skipulagsbreytingum sem urðu hjá embættinu á árinu 2007. Deildin kemur að verkefnum sem snerta ýmsar aðrar deildir, s.s. álagningardeild og staðgreiðsludeild auk tengingar við fræðsludeild vegna þátttöku í kennslu á ýmsum námskeiðum. Meðal stærstu verkefna deildarinnar er vinna við gerð nýrrar handbókar um tekjuskatt. Í tengslum við þetta verkefni þarf að taka á ýmsum álitamálum og koma á framfæri túlkun yfirsattanefndar og dómstóla ef slíkt er fyrir hendi.

Tekjuskattsdeild kemur að mótun og framkvæmd þeirrar nýjungar í fræðslumálum sem boðuð hefur verið og nefnd hefur verið málstofur. Í október var haldin málstofa hjá ríkisskattstjóra um álagningarskoðun er beinist að lögaðilum og tengist þessi málstofa einnig heildarsýn á skoðun framtala og eftirliti. Einnig er fyrir dyrum heildstæð skoðun á reglum um reiknað endurgjald, þeim viðmiðum sem sett hafa verið og framkvæmdinni allri.

## Skattstjórafundir

Skattstjórar, ríkisskattstjóri og skatttrannsóknarstjóri hittast árlega u.þ.b. 7 – 8 sinnum á formlegum fundum. Þá fundi sitja ennfremur fulltrúar fjármálaráðuneytis. Tilgangur skattstjórafunda er að auka samræmi í skattframkvæmd, efla liðsheild skattyfirvalda og miðla upplýsingum á milli stofnana. Skattstjórar sem eru níu að tölu eru skipaðir til starfa af fjármálaráðherra og bera þeir ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum. Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með störfum skattstjóra og skal gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Þá setur ríkisskattstjóri skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur. Á árinu 2007 lét Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra af störfum og var Hanna Björnsdóttir skipuð skattstjóri í hans stað. Þá var Hreinn Sveinsson skattstjóri Suðurlandsumdæmis í leyfi frá störfum frá júní til áramóta. Steinþór Haraldsson var settur skattstjóri í hans stað.

# Stjórnsýsluákvæðanir og afgreiðsla skatterinda

## Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins

Samkvæmt lögum ber ríkisskattstjóra að hlutast til um endurákvæðanir í þeim málum eftir því sem niðurstöður rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til. Í ársbyrjun voru 79 mál óafgreidd. Móttækin mál á árinu voru 59 og var tekin ákvörðun um að endurákvæða ekki í fjórum þeirra. Ólokin mál í árslok 2007 voru 52. Lauk því 82 málum með endurákvörðun og eru þá ótalin tengd mál t.d. hjá maka og/eða fyrrsvarsmanni þess skattaðila sem til rannsóknar var. Athuga ber að móttækin mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins eru nokkuð færri en fyrri ár þar sem það varð að samkomulagi milli embættanna að ekki væri þörf á að senda þau mál til ríkisskattstjóra sem eingöngu vörðuðu vanskil á virðisaukaskatti og/eða staðgreiðslu opinberra gjalda og ekki væri um bein undanskot frá skatti að ræða.

## Skatterindi

Samkvæmt lögum er ríkisskattstjóra heimilt að breyta ákvörðun skattstjóra telji hann ástæðu til. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema skattaðili óski þess og færi fram gildar forsendur fyrir umbeðnum breytingum. Hvað varðar breytingar á virðisaukaskattsskilum fyrir uppgjörstímabil yfirstandandi eða nýliðins árs hefur ríkisskattstjóri falið skattstjórum að taka sjálfstæða afstöðu til erinda skattaðila. Að sama skapi er verulegur hluti erinda er varða opinber gjöld ósk um að innsent framtal verði lagt til grundvallar álagningu í stað áætlunar. Ríkisskattstjóri hefur að sama skapi falið skattstjórum að taka afstöðu til þeirra erinda. Framsend erindi til skattstjóra voru 914 á árinu 2007. Önnur móttækin erindi á árinu voru 2.327 og voru 385 erindi óafgreidd í ársbyrjun. Afgreidd mál á árinu voru 1.828 og óafgreidd erindi í árslok 884. Aukning í óafgreiddum erindum í árslok má rekja til þess að í október og nóvember barst fjöldi erinda frá Tryggingastofnun ríkisins vegna endurákvörðunar bóta.

## Ívilnanir

Úrskurðir skattstjóra um lækkun skattstofna á grundvelli 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sæta kæru til ríkisskattstjóra. Í upphafi árs 2007 voru þrjár ívilnunarbeiðnir óafgreiddar og voru 48 beiðnir móttæknar á árinu. Í árslok voru 13 beiðnir óafgreiddar og voru því 38 ívilnunarbeiðnir afgreiddar á árinu 2007.

### **Kaupréttaráætlanir**

Í upphafi árs 2007 var ein kaupréttaráætlun óafgreidd. Á árinu bárust 5 kaupréttaráætlanir til staðfestingar og var ein óafgreidd í árslok.

### **Stjórnsýslukætur**

Í upphafi árs 2007 voru 5 stjórnsýslukætur óafgreiddar frá árinu 2006. Á árinu bárust 12 kætur og voru fjórar óafgreiddar í árslok.

### **Alþjóðamál**

Á árinu 2007 voru kveðnir upp 94 úrskurðir um skattalega heimilisfesti. Í upphafi árs voru fjögur erindi er vörðuðu skattalega heimilisfesti óafgreidd og fimm í árslok. Þá varð mikil fjölgun í útgáfu ýmissa vottorða en í ársbyrjun 2007 voru 22 óafgreiddar vottorðabeiðnir og 19 í árslok. Útgefin voru 1.189 vottorð á árinu til nota gagnvart erlendum skattyfirvöldum um skattskyldu hér á landi, skattskyldar tekjur og eignir hér á landi, skattlagningu og barnabætur á Íslandi. Þá voru óafgreiddar í ársbyrjun 2007 28 umsóknir um undanþágur samkvæmt tvísköttunarsamningum. 98 slíkar umsóknir bárust 2007 og óafgreiddar í árslok voru 14.



## Álagning opinberra gjalda

Hlutverk ríkisskattstjóra við álagningu tekjuskatts, tryggingagjalds, fjármagnstekjuskatts og takmarkaðrar skattskyldu tekjuskatts er m.a. undirbúningur álagningar, ákvörðun skilafresta, gerð auglýsinga, áritun álagningarupplýsinga og gerð og dreifing eyðublaða og leiðbeininga. Jafnframt útbýr ríkisskattstjóri vefframfalsforrit og kröfulýsingu vegna skila skattframtala á rafrænu formi sem og sérstakt skoðunar- og vinnsluforrit vegna yfirferðar og vinnslu framtalanna á skattstofunum.

Við vélvinnslu álagningar annast ríkisskattstjóri vélræna yfirferð u.þ.b. 60% allra skattframtala sem ekki sæta síðan frekari athugun. Þá er jafnframt farið yfir þau 40% framtala sem eftir standa með vélrænum hætti og gerðar ábendingar til skattstjóra um frekari athugun á framtölunum áður en þau teljast tæk til álagningar. Með vélrænni yfirferð allra skattframtala er með samræmdum hætti farið yfir öll innsend skattframtöl áður en þau sæta álagningu opinberra gjalda. Álagningarferlinu lýkur síðan með skilum á álagningarupplýsingum til Fjársýslu ríkisins og tilkynningum til gjaldenda um niðurstöður álagningar.

### Framtalsfrestir o.fl.

Einstaklingum bar að standa skil á skattframtali eigi síðar en 21. mars. Framteljendur gátu þó sótt um aukinn skilafrest og var framlengdur frestur á bilinu 26. til 30. mars, en slembival réð lengd skilafrests. Framtalsfrestur lögaðila var til 31. maí. Endurskoðendur, bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu síðan sótt um lengri framtalsfresti, sem miðuðust við að framtölum væri skilað jafnt og þétt fram að lokafresti sem var til 15. maí vegna launamanna, 31. maí vegna einstaklinga í rekstri og 10. september vegna lögaðila. Aukinn skilafrestur miðaðist við rafræn skil á framtölum.

### Útsending framtala og leiðbeininga

Útbúinn var sex síðna upplýsingabæklingur sem dreift var í öll hús. Þar var gerð grein fyrir helstu atriðum framtalsskila, svo sem framtalsfrestum, hvar hægt væri að nálgast leiðbeiningar, upplýsingar um veflykla o. fl. Verulega var dregið úr dreifingu pappírsframtala. Aðeins þeir sem höfðu skilað framtali á pappír árið áður fengu nú sent framtal á pappír. Jafnframt var dregið úr dreifingu veflyklabréfa þannig að þeir sem höfðu látið endurskoðanda eða bókara skila framtali fyrir sig árið áður fengu ekki sendan heim veflykil í veflyklabréfi.

### Sameiginleg símaþjónusta

Eins og síðustu ár var veitt símaþjónusta í sameiginlegu símanúmeri skattstjóra og ríkisskattstjóra sem gjaldendur gátu hringt í meðan á framtalsgerð einstaklinga stóð. Þá var vefurinn [www.skattur.is](http://www.skattur.is) auglýstur sérstaklega, svo og framtalsfrestir og helstu atriði sem hafa þarf í huga við framtalsskil. Við álagningu 2007 voru einstaklingar fyrr á ferðinni með framtalsskil sín og hefur sameiginleg símaþjónusta, aukin áritun upplýsinga á framtal, skýrari framsetning upplýsinga og breytt form á leiðbeiningum undanfarin ár án efa haft þar mikið að segja.

### Nýjungar

Auk ýmissa smærri breytinga og lagfæringa á eyðublöðum, regluprófunum vefframfals og leiðbeiningum litu nokkrar veigamiklar nýjungar dagsins ljós á árinu 2007. Tekið var í notkun nýtt eyðublað (RSK 3.19) til utanumhalds um hlutabréfaeign framteljanda og breytingar á henni innan ársins (hlutabréfaviðskipti). Einnig var byrjað að nota nýtt framtalseyðublað (RSK 1.06) fyrir lögaðila sem eru óskattskyldir til tekjuskatts. Þetta framtalseyðublað kemur í stað skila á ýmsum smærri eyðublöðum vegna ýmissa gjalda sem slíkir lögaðilar geta þurft að skila.

Í rafrænum skilum var bætt við eyðublöðum vegna virðisaukaskatts (RSK 10.26 og RSK 10.27) sem fram til þessa hafði eingöngu verið hægt að skila á pappír. Til þess að bæta gæði skila á virðisaukaskattsupplýsingum í rafrænum framtölum var útbúinn viðamikil regluprófun vegna virðisaukaskatts í tengslum við skil skattframtala rekstraraðila.

## Tafla yfir álagningu 2006 og 2007

### Opinber gjöld einstaklinga 2006 og 2007

(í milljónum króna)	2007	2006	Breyting	%
Almennur tekjuskattur	81.889	72.608	9.280	12,8%
Sérstakur tekjuskattur	-	1.023	-1.023	-
Fjármagnstekjuskattur	16.334	12.198	4.136	33,9%
<b>Tekjuskattar til ríkissjóðs alls</b>	<b>98.222</b>	<b>85.830</b>	<b>12.393</b>	<b>14,4%</b>
Útsvar	88.828	77.707	11.121	14,3%
<b>Tekjuskattar alls</b>	<b>187.050</b>	<b>163.536</b>	<b>23.513</b>	<b>14,4%</b>
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	1.144	1.037	108	10,4%
Önnur gjöld*	264	378	-113	-30,0%
Tryggingagjald	1.557	1.627	-70	-4,3%
Samtals gjöld á einstaklinga	190.015	166.578	23.438	14,1%
-bætur sbr. neðangreint	12.728	11.051	2.245	21,4%
<b>Samtals gjöld - bætur</b>	<b>177.287</b>	<b>155.526</b>	<b>21.192</b>	<b>13,6%</b>
<b>Bætur:</b>				
Barnabætur	7.438	5.993	1.445	24,1%
Vaxtabætur**	5.290	5.058	800	17,8%
<b>Samtals bætur</b>	<b>12.728</b>	<b>11.051</b>	<b>2.245</b>	<b>21,4%</b>
<b>Skattaívilnanir:</b>				
Sjómannaafláttur, dagar, þús	1.412	1.555	-143	-9,2%
Sjómannaafláttur	1.102	1.185	-83	-7,0%
Fjöldi á grunnskrá	253.911	241.344	12.567	5,2%

\*Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

\*\*Eftir endurreikning vaxtabóta í desember

### Opinber gjöld lögaðila 2006 og 2007

(í milljónum króna)	2007	2006	Breyting	%
Tekjuskattur	42.717	34.671	8.046	23,2%
Fjármagnstekjuskattur	342	6.235	-5.894	-94,5%
Búnaðargjald	107	171	-64	-37,5%
Jöfnunargjald alþjónustu	24	31	-7	-21,5%
Iðnaðarmálagjald	380	310	71	22,8%
Tryggingagjald*	37.250	32.486	4.764	14,7%
<b>Samtals</b>	<b>80.819</b>	<b>73.903</b>	<b>6.916</b>	<b>9,4%</b>
Fjöldi lögaðila á skrá	38.422	35.937	2.485	6,9%

\*Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

## Áritun á framtöl einstaklinga - nýjungar

Við áritun upplýsinga inn á rafræn framtöl bættust að þessu sinni upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins um fasteignaviðskipti. Var áritað inn á eyðublað RSK 3.02 (kaup og sala eigna). Einnig voru nú áritaðar upplýsingar frá Siglingastofnun um lögskráningardaga sjómanna og einnig upplýsingar um skip og báta í eigu einstaklinga. Áritaðar voru upplýsingar um hlutabréfaeign einstaklinga skv. upplýsingum af innsendum hlutafjármiðum.

## Fjármagnstekjuskattur

Um miðjan janúar ár hvert er öllum lögaðilum sendur gíróseðill og sömuleiðis einstaklingum í rekstri sem taldir eru skyldir til að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af vöxtum og arði. Skil á þessum skýrslum hafa verið svofelld undanfarin tvö ár:

	2007	2006
Sendir gíróseðlar	27.460	25.367
- þar af skilað greiðsluskýrslum	3.619	3.309
- þar af skilað núllskýrslum	15.231	15.902
- þar af ekki skilað	8.610	6.156





# Rafræn þjónusta

## Rafræn skil framtala

Rafræn skil framtala aukast frá ári til árs að fjölda. Síðustu ár hefur þó hægt verulega á hlutfallslegri aukningu miðað við heildarfjölda á skattgrunnskrá. Áhersla hefur því verið lögð á að veita þeim mikla meirihluta landsmanna sem skilar skattframtölum rafrænt aukna þjónustu á þeim vettvangi.

### Rafræn skil einstaklinga frá upphafi rafrænna skila

	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999
<b>Vefframtalið</b>	161.370	146.886	138.616	128.856	113.489	98.137	75.939	39.823	15.741
<b>Framtalsforrit</b>	71.154	70.304	69.399	69.513	68.034	62.717	56.581	33.167	3.694
<b>Samtals R-skil</b>	232.524	217.190	208.015	198.369	181.523	160.854	132.520	72.990	19.435
<b>Fjöldi á skrá</b>	253.981	241.444	234.501	229.800	226.484	224.916	221.538	217.348	213.694
<b>Hlutfall R-skila</b>	92%	90%	89%	86%	80%	72%	60%	34%	9%



Kröfulýsing vegna rafrænna skila fyrir hugbúnaðarhús var að vanda útbúin í ársbyrjun og setur hún traustan ramma utan um rafræn skil framtala. Frá árinu 2005 hafa samskipti við atvinnu-framteljendur, sem nota framtalsforrit fremur en vefinn, verið á XML formi. Lögð er mikil áhersla á að þjóna þessum hópi vel og að hann hafi aðgang að allri þjónustu sem býðst framteljendum á vefnum, svo sem áritun upplýsinga. Auk þess er þeim boðið upp á ýmsa sérsniðna þjónustu, t.d. vegna frestlista.

Vefframtal einstaklinga 2007 var opnað 5. mars. Kynnt var til sögunnar svokallað „lifandi“ sundurliðunarblað með rafrænu framtali. Þar er safnað saman ýmsum upplýsingum (t.d. lífeyris-sjóðslánum), sem framteljandi þarf sjálfur að ákveða hvort eigi að flytjast á framtalið og þá í hvaða kafla. Um það bil 94% af framtölum lögaðila var skilað rafrænt sem er fækkun um 1% milli ára, þar af var 81% skilað með framtalsforriti frá DK hugbúnaði en um 19% á vef RSK. Skiptinguna má sjá á meðfylgjandi töflu.

	Vefframtal RSK	DK-forrit	Rafrænt samtals	Pappír	Heild
Skattskyldir lögaðilar	4.189	19.415	23.604	469	24.073
Óskattskyldir lögaðilar	478	131	609	965	1.575
Samtals	4.667	19.546	24.213	1.434	25.648

## Vefir

Notkun á vefjum ríkisskattstjóra hefur verið að aukast undanfarin ár í samræmi við aukin rafræn skil framtala.

	2007	2006	2005	2004	2003
Meðaltal á mánuði	149.000	135.000	106.000	85.000	69.000
Flestar í mánuði	480.000	488.000	347.000	293.000	233.000
Fæstar í mánuði	97.000	84.000	70.000	53.000	38.000
Alls á árinu	1.787.000	1.615.000	1.271.000	1.015.000	823.000
Aukning	10%	27%	25%	23%	-

Sumarið 2007 hófst undirbúningur að endurskipulagningu og endursmiði vefsvæðis ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is). Við hönnunina var m.a. haft í huga að bæta yfirsýn upplýsinga og aðgengi að þeim ásamt því að skipta þeim upp á markvissari hátt. Einnig var sett að markmiði að hönnun vefjarins tryggði aðgengi fatlaðra að upplýsingum um skattamál með sem bestum hætti. Vinnu við skipulagstré vefjarins, útlit og innihald var sinnt frá miðju ári og var hún langt komin í árslok.

## Þjónustusíður

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á þjónustusíðum ríkisskattstjóra á árinu. Sérstakt vefsvæði, [www.skattur.is](http://www.skattur.is), er fyrst og fremst hugsað fyrir þann þorra viðskiptavina skattyfirvalda sem hefur einungis áhuga á að telja fram á vefnum en hyggst ekki sækja sér aðrar upplýsingar á upplýsingavef ríkisskattstjóra. Einnig var vefurinn settur fram á þann hátt að um þjónustuvef skattstjóra væri að ræða. Á þeim vef eiga sér stað samskipti almennings við skattstjóra í hverju umdæmi auk ríkisskattstjóra.

Til þess að bæta þjónustu við vefframteljendur var samið við banka um að veita rafrænum veflyklabréfum viðtöku sem einstaklingar geta nálgast í netbanka strax og nýr lykill hefur verið pantaður. Einnig er einstaklingum búsettum erlendis sem og forráðamönnum dánarbúa boðið upp á að sækja um veflykla á nýju þjónustusíðunni. Á vefsvæðinu er hægt að panta pappír-framtal og fá það sent í pósti. Jafnframt má þar nálgast framtalsleiðbeiningar sem og skattaleiðbeiningar fyrir útlendinga. Loks er þar að finna aðgang að fyrirspurnarkerfi skattyfirvalda **Spurt Og Svarað** (SOS).

## Rafræn skil virðisaukaskatts

	2007	2006	2005	Hlutfall		
				2007	2006	2005
Virkir veflyklar*	15.783	12.424	8.710	47%	37%	26%
Virk VSK nr.	33.252	33.466	33.846			
Rafrænar skýrslur	66.329	52.485	34.264	51%	42%	27%
Skýrslur alls**	128.884	123.941	126.170			

\* Fjöldi aðila á VSK-skrá með virka veflykla í árslok.

\*\* Fjöldi skilaðra skýrslna; áætlanir eru ekki innifaldar.

## Rafræn skil staðgreiðslu

	2007	2006	2005	Hlutfall		
				2007	2006	2005
Virkir veflyklar	17.242	13.149	9.344	50%	42%	30%
Launagreiðendur alls	34.818	31.207	30.770			
Rafrænar skilgreinar*	152.463	126.934	68.703	88%	75%	42%
Skilgreinar alls**	174.098	169.424	164.090			
Rafrænar sundurliðanir ***	3.843.559	3.526.337	3.579.516	94%	92%	89%
Sundurliðanir alls	4.074.821	3.821.386	4.015.479			

\* Skýrslur þeirra sem skila bæði staðgreiðslu og tryggingagjaldi, þ.e. ekki skýrslur sem innihalda eingöngu tryggingagjald.

\*\* Fjöldi skilaðra skilgreina; áætlanir eru ekki innifaldar.

\*\*\* Samanlagður fjöldi launamanna á öllum sundurliðunum.

## Rafræn skil ársreikninga til ársreikningaskrár

Rafræn móttaka ársreikninga hófst 25. júlí 2005. Á árinu 2007 bárust alls 13.367 ársreikningar rafrænt en á árinu 2006 voru þeir 6.140. Aukningin milli ára var því 118%.

## Skatteftirlit

### Upplýsingaöflun

Aflað hefur verið upplýsinga samkvæmt 92. gr. tekjuskattslaganna, en slíkar upplýsingar, svokallaðar þriðja manns upplýsingar, nýtast jöfnum höndum við álagningu og skatteftirlit. Öllum þeim fyrirtækjum sem ekki skiluðu inn launamiðum, verktakamiðum og hlutafjármiðum voru send ítrekunarbréf þar að lútandi. Send voru rúmlega 22.000 bréf, flest vegna vanskila á hlutafjármiðum.

Tekið var við ábendingum frá almennum borgurum um hugsanleg skattundanskot. Slíkar ábendingar voru skráðar, unnið úr þeim og þær eftir atvikum sendar til viðeigandi eftirlitseininga hjá skattstjórum og í vissum tilvikum beint til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998, var ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að lífeyrisðgjald sé greitt vegna hvers einstaklings sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Á árinu 2007 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld einstaklinga vegna ársins 2006. Þær upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar úr framtölum einstaklinga. Auk þess eru lífeyrissjóðir og aðrir vörsluaðilar látnir skila inn upplýsingum um séreignarsparnað. Áfram verður unnið að breytingum á móttöku og úrvinnslu upplýsinga frá lífeyrissjóðunum.

Ríkisskattstjóri fer með upplýsingamiðlun á milli landa í skattamálum fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Upplýsingamiðlunin er byggð á Norðurlandasamningum um aðstoð í skattamálum frá árinu 1989, á Evrópusamningi um gagnkvæma stjórnsýsluástoð í skattamálum frá 1996 og á tvísköttunarsamningum við einstök ríki.

Á árinu 2007 móttók ríkisskattstjóri reglulegar upplýsingar um tekjur sem íslenskir skattaðilar höfðu á árinu 2006 í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Þýskalandi, Lettlandi, Litháen og Póllandi. Á árinu 2007 bárust 16 beiðnir um tilfallandi upplýsingar frá erlendum skattfyrirvöldum. Þá voru 14 óafgreidd slík mál í ársbyrjun 2007. Á árinu voru 29 mál afgangið og var því eingöngu ein beiðni óafgreidd í árslok 2007.



## Gerð eftirlitsáætlana

Ríkisskattstjóri semur árlega sérstaka áætlun um eftirlitsaðgerðir embættisins og skattstjóra. Með eftirlitsáætlunum er lagður grunnur að samræmdri framkvæmd skatteftirlits á milli umdæma, umfang og áherslur í skatteftirliti ákveðnar og grundvöllur skapaður fyrir markvissa skráningu á eftirlitsaðgerðum. Eftirlitsáætlunum er jafnframt ætlað að skapa betri forsendur fyrir greiningu og úrvinnslu á niðurstöðum úr skatteftirliti.

Á árinu 2007 var gerð eftirlitsáætlun fyrir árið 2008. Tekur hún til verkefna eftirlitsdeilda skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra, skattstjóra Reykjanesumdæmis, skattstjórans í Reykjavík, skattstjóra Vesturlandsumdæmis og eftirlitsdeildar ríkisskattstjóra.

Áætlunin skiptist að stofni til í tvennt, þ.e. annars vegar í samræmdan hluta og hins vegar í eigin hluta skattstjóra. Samræmdur hluti inniheldur eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru með sama hætti í öllum skattumdæmum landsins. Eigin hluti skattstjóra inniheldur eftirlitsaðgerðir sem skattstjórar ákveða sérstaklega fyrir viðkomandi umdæmi eða eftirlitseiningu.

## Áhættugreining og samræmt skráningarkerfi

Við val á verkefnum og aðilum til skoðunar í skatteftirliti er notast við ólíkar greiningaraðferðir, svo sem greiningu áhættu, úrtak, samanburð upplýsinga og ábendingar. Áhættugreining felur í sér skoðun á fyrirliggjandi upplýsingum og mati á þeirri áhættu sem til staðar er hverju sinni. Metnar eru líkur á að aðilar skili röngum upplýsingum til skattyfirvalda, vegna mistaka eða beinna skattundanskota.

Á árinu 2007 var tekið í notkun sérstakt skráningarkerfi vegna samræmdrar skráningar skatteftirlits. Niðurstöður skráningarinnar nýtast skattyfirvöldum sem innlegg í skýrslu ríkisskattstjóra um skatteftirlit, til norræns samanburðar, til miðlunar upplýsinga og áhættugreiningar.

## Skýrsla um skatteftirlit 2004-2006

Samkvæmt fyrirmælum í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna, skal ríkisskattstjóri árlega gefa fjármálaráðherra skýrslu um framkvæmd skatteftirlits og árangur af því. Á árinu 2007 var unnið að gerð skýrslu til fjármálaráðuneytis um niðurstöður skatteftirlits á árunum 2004-2006 og kom skýrslan út í byrjun nóvember.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að á tímabilinu 2004-2006 hafi skoðun eftirlitsdeilda skattstjóra og ríkisskattstjóra, ásamt eftirliti virðisaukaskattsdeilda skattstjóra, leitt til hækkunar opinberra gjalda um 1.541 milljón króna á árinu 2004, um 1.870 milljónir króna á árinu 2005 og um 3.742 milljónir króna á árinu 2006.

## Sérstök eftirlitsmál

Sjálfstæð eftirlitsdeild er starfrækt innan embættis ríkisskattstjóra. Auk þess að sinna sértæku skatteftirliti er deildinni ætlað að fylgjast með skattframkvæmd og skattalegum ráðstöfunum hjá gjaldendum og þróa aðferðir við skatteftirlit. Með sértæku eftirliti er í meginatriðum átt við mál sem embættið tekur upp að eigin frumkvæði og byggjast á greiningu úrtaksupplýsinga.

Á árinu voru helstu mál deildarinnar tengd samsköttun félaga, skattalegri meðferð viðskiptavildar, skiptingu félaga, tapi á sölu hlutabréfa í eigu lögaðila, misnotkun tvísköttunar-samninga, starfstengdum kaupum á hlutabréfum með söluréttartryggingu, félögum á lágskattasvæðum sem höfðu átt viðskipti með íslensk hlutabréf, starfsemi eignarhaldsfélaga og skuldsettum yfirtökum.

Auk þess að sinna eftirliti með beinum hætti kom deildin að ýmsum öðrum verkefnum á árinu. Ber þar hæst að hún sá um að halda hér á landi þriggja daga samnorræna námstefnu um milliverðlagningu (e. transfer pricing) fyrir hönd embættisins.

## Óbeinir skattar og staðgreiðsla

### Virðisaukaskattur

Á árinu var endurvakin sérstök virðisaukaskattsdeild innan embættisins. Hlutverk hennar er að hafa umsjón með skattframkvæmd virðisaukaskatts. Þess skal helst getið að í mars á síðastliðnu ári var lægra skattþrep virðisaukaskatts lækkað úr 14% niður í 7%. Frá sama tíma lögðust af endurgreiðslur virðisaukaskatts til veitingahúsa vegna sölu á tilreiddum mat.

Álagning virðisaukaskatts fer fram sex sinnum á ári auk tveggja álagninga vegna sex mánaða skila.

Virðisaukaskattsdeild hefur einnig umsjón með álagningu vörugjalds, skilagjalds af umbúðum og úrvinnslugjalds af spilliefnum og umbúðum.

Álagning virðisaukaskatts			
	2007	2006	Breyting
Velta:			%
Velta til 7% skatts	293.798	0	-
Velta til 14% skatts	43.882	256.644	-82,9%
Velta til 24,5% skatts	1.422.622	1.298.088	9,6%
Skattskyld velta, áætluð	25.873	24.148	7,1%
Undanþegin velta	580.404	556.551	4,3%
<b>Heildarvelta</b>	<b>2.366.579</b>	<b>2.135.431</b>	<b>10,8%</b>
Virðisaukaskattur:			
Innskattur	325.766	309.218	5,4%
Útskattur (án áætlana)	375.243	353.962	0,6%
Útskattur áætlaður	6.104	5.877	3,9%
Álag	1.059	987	7,3%
VSK af innlendum viðskiptum	56.640	51.608	9,8%
VSK vegna innflutnings	92.427	95.215	-2,9%
Álagður virðisaukaskattur			
<b>Alls</b>	<b>149.067</b>	<b>146.823</b>	<b>1,5%</b>
Endurgreiðslur:			
Vegna íbúðarhúsnæðis	3.815	3.272	16,6%
Til opinberra aðila	3.508	2.863	22,5%
Til orkuveitna	196	317	-38,2%
Til veitingastaða	207	1.357	-84,7%
Til erlendra aðila	512	515	-0,6%
<b>VSK að frádrögnum endurgr.</b>	<b>140.829</b>	<b>138.499</b>	<b>1,7%</b>


Í milljónum kr.

### Staðgreiðsla

Á staðgreiðsluskrá RSK 2007 voru samtals 19.779 lögaðilar og 15.039 einstaklingar. Nýir á skrá á árinu voru 3.129 en afskráðir voru 4.089.

Að venju fór mikil vinna í að afgreiða staðgreiðsluerindi bæði frá launþegum og launagreiðendum vegna staðgreiðsluáranna 2006 og 2005. Erindi frá launþegum voru 473 en leiðréttingar frá launagreiðendum voru 5.237 þar af 962 frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig voru 2.238 breytingar gerðar vegna ársins 2005, þar af 818 vegna Tryggingastofnunar ríkisins.

Áfram var unnið að því að fá fleiri launagreiðendur í rafræn skil og eru nú yfir 50% launagreiðenda í rafrænum skilum og 94% sundurliðana koma með rafrænum hætti. Samkvæmt innsendum skilagreinum staðgreiðslu á árinu 2007 voru greidd laun rúmlega 772.736 milljónir og staðgreiðsla tæpar 176.865 milljónir. Í eftirfarandi töflu má sjá greidd laun og staðgreiðslu skipt á mánuði ársins 2007.



### Kílómetragjald

Kílómetragjald er gjald sem innheimt er fyrir hvern ekinn kílómetra ökutækis. Það er ákvarðað fyrir hálf t. ári í senn og ávallt eftir á. Kílómetragjald var lagt á vegna um 5.500 ökutækja á árinu 2007. Áætlanir kílómetragjalds voru alls 2.103 talsins á árinu 2007. Í kærumeðferð voru 1.325 áætlanir felldar niður með vélrænum hætti og í þeirra stað var akstur ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af öikumælum. Álagning á árunum 2006 og 2007 var sem hér segir:

Kílómetragjald	2007	2006
Álagning	1.151	1.075
Áætlanir	732	507
Sektir	1	0
Samtals	1.884	1.582
Skattbreytingar	-320	-225
<b>Staða eftir skattbreytingar</b>	<b>1.564</b>	<b>1.357</b>

Í milljónum kr.

Á árinu 2007 voru tekin fyrir 864 mál, þ.e. kærur, skatterindi, skýrslur eftirlitsmanna og leiðréttingar. Þar af voru 12 mál vegna eldra þungaskattskerfis. Þá voru skráðir inn 1.133 álestrar í álestrarskrá ríkisskattstjóra.

### Bifreiðagjald

Bifreiðagjald var lagt á vegna um 225.000 bifreiða á árinu 2007. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinnum á árinu vegna hálf t. ári í senn.

Álagning á árunum 2006 og 2007 var sem hér segir:

Bifreiðagjald	2007	2006
Heildarálagning bifreiðagjalds	4.496	4.216
Skattbreytingar	-61	-107
<b>Staða eftir skattbreytingar</b>	<b>4.435</b>	<b>4.109</b>

Í milljónum kr.

Á árinu 2007 voru tekin fyrir 2.228 mál, kærur, skatterindi og leiðréttingar. Þyngst vógu mál bótaþega sem voru 1.500 talsins.

## Úrvinnslugjald á ökutæki

Úrvinnslugjald var lagt á alls um 214.000 ökutæki á árinu 2007. Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra bifreiða, skráðra hér á landi síðustu 25 ár.

Úrvinnslugjald	2007	2006	2005
Heildarálagning úrvinnslugjalds	156,1	150,6	140,7
Skattbreytingar	0,1	-1,4	-1,1
<b>Staða eftir skattbreytingar</b>	<b>156,2</b>	<b>149,2</b>	<b>139,6</b>

Í milljónum kr.

Örfá mál/kærur komu til kasta ríkisskattstjóra á árinu 2007 vegna úrvinnslugjalds og þá helst þar sem farið var fram á niðurfellingu úrvinnslugjalds vegna þess að ökutæki hafi verið ógangfært.

## Úrvinnslugjald vegna spilliefna og umbúða

Úrvinnslugjald vegna spilliefna var lagt á fimm gjaldendur vegna ársins 2007 alls kr. 9,9 milljónir. Til samanburðar var álagning ársins 2006 kr. 9,3 milljónir.

Á árinu 2006 var fyrst byrjað að leggja á úrvinnslugjald vegna umbúða og er árið 2007 því annað árið sem þetta gjald er innheimt. Á úrvinnslugjaldsskrá voru ellefu gjaldendur og var álagning vegna úrvinnslugjalds umbúða kr. 18,9 milljónir en til samanburðar var álagning ársins 2006 kr. 39,6 milljónir.

## Skilagjald

Álagning vegna skilagjalds og umsýsluþóknunar á drykkjarvörur í einnota umbúðum var kr. 897,5 milljónir á árinu 2007 en á skilagjaldsskrá voru 8 gjaldendur. Árið áður nam skilagjald alls kr. 715 milljónum.

## Áfengisgjald

Gjaldadeild annast álagningu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda sem voru fimm á árinu 2007. Skattstjórnir á Vesturlandi og Norðurlandi eystra önnuðust eftirlitið, hvor í sínu umdæmi, í umboði ríkisskattstjóra. Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendri framleiðslu á árinu 2007 ásamt álögðu áfengisgjaldi í tolli (við innflutning) og samanburður við árin 2006 og 2005.

Áfengisgjald	2007	2006	2005
Innlend framleiðsla	2.613	2.394	2.098
Innflutningur	5.455	5.150	5.015
<b>Alls</b>	<b>8.068</b>	<b>7.544</b>	<b>7.113</b>

Í milljónum kr.

## Olíugjald

Á árinu 2007 voru tekin fyrir 312 mál, þar af 176 endurgreiðslur og 84 mál vegna litaðrar olíu. Álagning olíugjalds, endurgreiðslur og sektir vegna ársins 2007 voru sem hér segir.



<b>Oliugjald</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
Álagning	6.284	5.772
Endurgreiðslur	-129	-139
Sektir vegna brota	13	0
<b>Alls</b>	<b>6.168</b>	<b>5.633</b>
Gjaldskyld olía, milljónir lítra	153	141
Gjaldfrjáls olía, milljónir lítra	179	173
<b>Alls</b>	<b>332</b>	<b>314</b>

í milljónum kr.

## Vörugjald

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslumeðferð innan lands. Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir ákveðin tollskránum. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Vörugjald	2007	2006
Vörugjald af innl. framleiðslu	246	756
Vörugjald af innflutningi	3.967	3.766
Fjöldi á vörugjaldsskrá	39	123

Fækkað hefur á vörugjaldsskrá frá 1. mars 2007 þegar breytingar á lögum um vörugjald tóku gildi.



## Fyrirtækjaskrá - ársreikningaskrá

### Fyrirtækjaskrá

Hjá fyrirtækjaskrá skal halda aðgreinanlegar skrár yfir hlutafélög og einkahlutafélög (hlutafélagaskrá), samvinnufélög (samvinnufélagaskrá) og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (sjálfseignarstofnanaskrá).

Hlutafélagaskrá er stærsta og mikilvægasta undirskráin í fyrirtækjaskrá og voru í lok árs 2007 skráð þar 27.557 einkahlutafélög og 858 hlutafélög. Veruleg aukning hefur orðið á skráningu nýrra einkahlutafélaga undanfarin ár. Á árinu 2007 voru skráð 3.665 ný félög og hafa aldrei fyrr verið skráð svo mörg einkahlutafélög á einu ári. Af sjálfu leiðir að tilkynningum um allar breytingar sem verða á skráningarskyldum atriðum hjá skráðum félögum fjölgar mjög eftir því sem skráin stækkar. Á árinu 2007 bárust 7.655 slíkar tilkynningar og er það aukning um tæplega 19% frá árinu á undan. Að auki bárust 394 tilkynningar um samruna eða skiptingu félaga, og hafa slíkar tilkynningar aldrei verið fleiri.

Á árinu var haldið áfram að afskrá félög á grundvelli heimildar í lögum ef fram kom að þau hafi ekki starfandi stjórn og hafi ekki skilað ársreikningum síðustu ár.

Auk hlutafélaga og einkahlutafélaga eru skráð í fyrirtækjaskrá ýmis konar félagasamtök og áhugamannafélög, húsfélög, sjálfseignarstofnanir o.fl. Auk þessa hafa verið sett í sérstaka skrá erlend félög sem eru með bankaviðskipti hér á landi og hefur orðið gríðarleg aukning í skráningu þessara félaga undanfarin ár. Þessar skráningar eru ekki eins ítarlegar og í hlutafélagaskrá. Einnig eru grunnupplýsingar skráðar í fyrirtækjaskrá um þau félög, sjóði og stofnanir sem sýslumenn skrá og þurfa á kennitölu að halda. Samtals voru skráningar í aðrar skrár en hlutafélagaskrá tæplega 1.700 á árinu.



Tölfræði úr fyrirtækjaskrá	2007	2006	2005	2004
Nýskráð einkahlutafélög	3.665	3.187	2.941	2.509
Nýskráð hlutafélög	26	31	21	21
Almennar aukatilkynningar	7.655	6.212	5.233	4.895
Tilkynningar um samruna	274	261	217	183
Tilkynningar um skiptingu	120	111	62	32
Afskráð einkahlutafélög	1407	1.389	668	892
Nýskráð félagasamtök	447	417	361	324
Nýskráð húsfélög	274	329	333	321
Nýskráð erlend félög með bankaviðskipti hérlendis	704	561	504	251
Vottorð á ensku úr hlutafélagaskrá	1.815	1.269	912	653
Ljósrit úr fyrirtækjaskrá	2.711	2.546	2.004	1.682
Fjöldi einkahlutafélaga á skrá 31.12.2007	27.557			
Fjöldi hlutafélaga á skrá 31.12.2007	858			

## Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá fer með málefni er varða söfnun ársreikninga skilaskyldra félaga og miðlun þeirra til almennings, samkvæmt lögum um ársreikninga og eftirlit með því að ársreikningar séu í samræmi við lög og reglugerðir. Skráin veitir félögum heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og hefur eftirlit með beitingu félaga á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Grundvöllur skilaskrár ársreikninga eru skráningar félaga í hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og skrá sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Enn fremur skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga í firmaskrá sem eru í eigu annarra skilaskyldra félaga svo og þessara félaga ef þau fara yfir tiltekin stærðarmörk.

Skilaskyld félög fyrir rekstrarárið 2006 eru 24.777 talsins en voru 22.568 fyrir 2005 sem er aukning um 9,8%. Á árinu var 21.954 ársreikningum skilað. Þar af voru 16.136 ársreikningar fyrir rekstrarárið 2006 en 5.000 fyrir árið 2005 og voru 818 vegna fyrri ára. Til samanburðar var 19.346 ársreikningum skilað árið 2006. Þar af var 14.381 vegna ársins 2005 en 4.965 vegna ársins 2004 og fyrri ára. Aukning skila milli ára er 13,5%.

	Ársreikningur 2006	Ársreikningur 2005	Fyrri ár	Samtals skilað
Skilaskyld félög	24.777	22.568		
Skil á árinu 2006		14.381	4.965	19.346
Skil á árinu 2007	16.136	5.000	818	21.954
Skilahlutfall	65%	86%		

Árið 2007 afgreiddi ársreikningaskrá 55 umsóknir um að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum jákvætt en 20 félögum var synjað. Óafgreiddar umsóknir voru 20 í árslok. Á árinu 2006 voru samþykktar 42 umsóknir.

Ársreikningaskrá er falið að annast eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita skulu alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Alls féllu um 160 félög undir þetta eftirlit á árinu en voru 142 árið áður. Tekið var til athugunar úrtak ársreikninga þessara félaga og gerðar athugasemdir ef við átti. Athugasemdum ársreikningaskrár er almennt vel tekið og þær teknar til greina við síðari reikningsskil viðkomandi félaga.

Með breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með lögum nr. 171/2007, eru skránni gefin aukin eftirlitsúræði með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Jafnframt er ársreikningaskrá veitt heimild til að birta opinberlega upplýsingar um reikningsskil sem talin eru ófullnægjandi og heimild til að óska eftir tímabundinni stöðvun viðskipta með verðbréf viðkomandi félags í kauphöll. Tilgangur með þessari breytingu er að gera eftirlit ársreikningaskrár skilvirkara og auðveldara í framkvæmd.

Samvinna er með eftirlitsaðilum í Evrópusambandinu og á evrópska efnahagssvæðinu og haldnir samráðsfundir um framkvæmd eftirlitsins þar sem m.a. eru kynntir athyglisverðir úrskurðir eftirlitsaðila. Fulltrúi ársreikningaskrár hefur sótt nokkra slíka fundi.

## Fræðsla og upplýsingagjöf

### Starfsfræðslunámskeið

Árið 2007 voru haldin hjá ríkisskattstjóra 13 starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfirvalda. Námskeiðin voru vel sótt og voru þátttakendur 508 en það er mesti fjöldi sem sótt hefur starfsfræðslunámskeið á einu ári hjá skattfirvöldum. Námskeiðin voru kynnt á innri vef ríkisskattstjóra auk þess sem send var út námsskrá. Námskeiðin voru með hefðbundnu sniði og efnisvalið fjölbreytt og náði til flestra þátta skattfrákvæmdar. Má þar nefna námskeið um alþjóðlega skattlagningu, rekstrarkostnað og verklag við álagningarskoðun. Þá voru haldnir fræðslufundir á skattstofum um allt land á árinu. Bryddað var upp á þeirri nýjung í starfsfræðslunni að hafa málstofur þar sem þátttakendur frá öllum skattstofum koma og taka þátt í verkefnum og stefnumótun varðandi einstaka verkþætti allt eftir því hvað ber hæst hverju sinni.

### Námskeið fyrir nýja í rekstri

Eins og á undanförunum árum hefur ríkisskattstjóri boðið upp á þjónustu í formi námskeiða um almenn skattskil, tekjuskráningu og reikningaútgáfu og virðisaukaskatt fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Upplýsingar um námskeiðin eru á heimasíðu ríkisskattstjóra, auk þess sem námskeiðin eru auglýst í blöðum eftir því sem tilefni þykir til. Eftirspurn hefur verið mikil og var fullbókað á öll námskeið á árinu. Alls voru haldin þrjú námskeið og þátttakendur voru 252. Þá voru haldin námskeið fyrir nokkur fyrirtæki og stofnanir auk þess sem haldnir voru fræðslufundir fyrir faghópa.

### rsk.is/international

Eitt af því sem lögð hefur verið áhersla á í stefnumótunarvinnu um þjónustu er að auðvelda þeim sem flytja á milli landa að nálgast upplýsingar um skattamál á vefsíðu ríkisskattstjóra, rsk.is/international. Í því skyni hefur verið sett upp sérstök síða um alþjóðlega skattlagningu sem stöðugt er unnið að því að þróa. Á árinu voru tekin í notkun einfölduð skattframtöl fyrir einstaklinga á sjö tungumálum og auk þess voru bæklingar fyrir þá sem starfa tímabundið á Íslandi gefnir út á átta tungumálum, en þeir höfðu áður verið til á tveimur tungumálum.

### Tíund

Af Tíund komu út þrjú tölublöð á árinu 2007, í apríl, ágúst og desember. Blaðinu var breytt talsvert með nýrri útlitshönnun og nýjum efnistöðum. Í blaðinu birtast greinar, viðtöl og almennur fróðleikur um skattamál. Á árinu var blaðið stækkað úr 32 síðum í 40. Þá var upplagið stækkað og jafnframt fjölgaði áskrifendum verulega. Að venju hefur blaðið fengið góða kynningu og fjölmiðlar nýta sér efni þess í miklum mæli.

### Upplýsingar úr fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá

Unnt er að fá upplýsingar úr fyrirtækjaskrá með ýmsu móti. Fjöldmörg fyrirtæki fá grunnupplýsingar, svo sem nöfn, kennitölur og heimilisföng, með rafrænum hætti til að tengja viðskiptamannabókhalda sínu. Þessar upplýsingar eru uppfærðar eftir þörfum viðskiptavina. Upplýsingar úr hlutafélagaskrá eru afhentar með milligöngu miðlara og er Lánstraust hf. þar langstærsti aðilinn. Einnig er unnt að kaupa upplýsingar í formi vottorða eða ljósrita hjá fyrirtækjaskrá og eru þessar upplýsingar seldar samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðuneytið setur.

Ársreikningaskrá veitir almenningi aðgang að þeim gögnum sem skilað er til skrárinnar. Unnt er að fá ljósrit af ársreikningum gegn gjaldi en einnig er hægt að skoða á vef ríkisskattstjóra hvaða félög hafa skilað ársreikningum.

## Skattatölfræði

Árið 2007 var haldið áfram vinnu við uppbyggingu og viðhald gagnasafna og skattatölfræðivefs embættisins. Þar er nú að finna á einum stað mjög yfirgripsmikið safn upplýsinga um skattstofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda síðastliðin tíu ár. Þetta safn hefur verið aukið og endurbætt ár frá ári. Mikill áhugi hefur verið fyrir upplýsingum sem byggja á skráum í vörslu embættisins en nú sem fyrr hefur farið töluverður tími í að vinna upplýsingar að beiðni utanaðkomandi aðila; ráðuneyta, alþingis, stjórnmalaflokka, atvinnulífs og félagasamtaka, að ógleymdu fræðasamfélaginu.

Þá hefur farið nokkur tími í rannsóknar- og greiningarvinnu, en gögn embættisins hafa nýst vel við mat og eftirlit með samræmingu skattframkvæmdar, virkni og þróun. Breyttar aðstæður kalla á meira aðhald og strangara eftirlit.

Á árinu voru skattframtöl einstaklinga allt aftur til ársins 1982 gerð aðgengileg í gagnahúsi hjá embættinu. Mikil vinna er fyrir höndum við að koma þessum gögnum á skiljanlegt form en í framhaldi af útgáfu embættisins á skattatölfræði hefur skapast mikill áhugi fyrir því að fá sambærilegar upplýsingar fyrir eldri ár á vefinn.



## Þjónustuver

---

Frá miðju ári hefur sérstakur starfshópur unnið að undirbúningi þjónustuvers RSK og skilaði hópurinn af sér skýrslu 10. desember 2007. Þjónustuverið á að sjá um alla móttöku viðskiptavina embættisins og leitast við að leysa sem flest erindi, bæði þeirra sem hringja, senda fyrirspurnir í gegnum tölvupóst eða leita þangað í eigin persónu. Til að byrja með er aðeins reiknað með að þjónustuverið svari fyrir embætti ríkisskattstjóra, en sá möguleiki er fyrir hendi að það taki að sér símsvörun fyrir allt skattkerfið í framtíðinni. Í árslok hófst lokaundirbúningur framkvæmda við þjónustuverið.



## Skjalastjórnun og afgreiðsla

---

Á árinu 2007 voru 6.739 ný mál skráð í málakerfi ríkisskattstjóra en að auki voru 7.569 erindi send til skattstjóra á árinu 2007. Árið á undan voru skráð 6.257 ný mál. Aukninguna má nær eingöngu rekja til málaflokksins „Álagningarmál og úrskurðir“ en þar fjölgaði málum um 485 mál, sem er um 15,3 % aukning milli ára.

Hjá afgreiðslu ríkisskattstjóra hélt þjónusta við einstaklinga af erlendum uppruna áfram að aukast á árinu 2007. Bar þar mest á upplýsingagjöf um skil á staðgreiðslu ásamt útgáfu skattkorta.

Bókasafn ríkisskattstjóra var sett upp að nýju en það hafði verið í geymslu í nokkur ár.



## Mannauður ríkisskattstjóra

---

### Kannanir

Niðurstöður könnunar á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna voru kynntar í apríl 2007. Svarhlutfall starfsmanna ríkisskattstjóra var 77,1%. Meðal niðurstaðna hennar var að starfsánægja meðal starfsmanna embættisins var svipuð og hjá öðrum sambærilegum stofnunum.

Allir starfsmenn embættisins fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins 2007. Þetta var í fyrsta sinn sem allir starfsmenn embættisins, án tillits til stéttarfélags, fengu þessa könnun senda. Embættið lenti í 56. sæti í röðun SFR á Stofnun ársins.



### Mat á frammistöðu

Formlegt frammistöðumat er gert þegar líður að lokum reynslutíma nýrra starfsmanna. Það er líður í að nýta reynslutímamann til að meta hversu vel verkefni og starfsumhverfi eiga við starfsmann auk þess sem hann hefur sjálfur náð að móta sér skoðun á mögulegu framhaldi starfs hjá embættinu. Í tveimur tilvikum á árinu var ekki gerður áframhaldandi samningur við starfsmenn að loknum reynslutíma.



## Starfsfólk

Hjá embættinu er leitast við að hafa fjölbreytta flóru starfsmanna sem vinna eiga að sam-  
eiginlegum markmiðum frá ólíkum sjónarhornum. Af 96 starfsmönnum sem störfuðu hjá  
embættinu í árslok 2007 voru kynjahlutföll jöfn, 48 konur og 48 karlar. Karlmenn eru í meirihluta  
stjórnenda hjá embættinu (64%) en konur 36% stjórnenda. Í yfirstjórn eru konur nú 3 af 8 en  
á árunum 2000 - 2006 var engin kona í yfirstjórn. Yngsti starfsmaðurinn var 20 ára en þrír elstu  
68 ára. Hlutfall starfsmanna með háskólapróf var 59%.

Starfsmenn embættisins búa yfir mikilli þekkingu á skattamálum, enda hafa margir þeirra  
mjög langan starfsaldur að baki innan skattkerfisins. Einn starfsmaður var með nærri 44 ára  
starfsaldur hjá embættinu, en fjórir með 32 til 39 ára starfsaldur innan skattkerfisins. Meðal-  
starfsaldur þeirra 96 starfsmanna sem voru við störf í árslok 2007 var 9 ár og 11 mánuðir.



## Starfsmannavelta

Starfsmönnum fækkaði um 12 frá upphafi til loka ársins. Ársverk voru tæplega 98 á árinu en það  
er fækkun um fjögur ársverk frá árinu 2006 og má skýra þá breytingu með hagræðingu á árinu.

## Öryggismál

---

Stöðugt er unnið að bættu öryggi hjá embættinu. Vinnu við öryggisáætlun embættisins var haldið áfram og unnið að sérstökum verkefnum tengdum bættu öryggi á ýmsum sviðum. Í ársbyrjun var í samræmi við vinnuverndarlög sett á laggirnar öryggisnefnd hjá embættinu sem samanstendur af tveimur öryggistrúnaðarmönnum og tveimur öryggisvörðum frá embættinu.

Unnið var að undirbúningi að nýju miðlægu aðgangsstýringarkerfi fyrir embættið sem bæta mun enn frekar raunlægt öryggi og stuðla að markvissari aðgangsstýringu. Á árinu fengust niðurstöður könnunar á fyrirliggjandi möguleikum fyrir nýja staðsetningu tölvuvers ríkisskattstjóra, en stefnt er að flutningi þess á árinu 2008. Af öðrum verkefnum tengdum öryggismálum embættisins má nefna endurskoðun öryggiseftirlits með húsnæði ríkisskattstjóra og vinnu við reglur og leiðbeiningar tengdar vinnufyrirkomulagi starfsmanna.



# Rekstur tölvukerfa

---

Meginhluti upplýsingakerfa skattyfirvalda er hýstur hjá Skýrr ehf. Verkefni eru þó keyrð á mið-tölvum ríkisskattstjóra og öll umsjón er í höndum ríkisskattstjóra. Á undanförunum árum hefur þessi hluti starfseminnar farið vaxandi í samræmi við breytta framtalsgerð með aukinni rafrænni þjónustu.

Ríkisskattstjóri hefur umsjón með og rekur allan vélbúnað hjá öllum skattyfirvöldum nema skattstjóranum í Reykjavík og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í þessu felst að ríkisskattstjóri annast innkaup, fjármögnun og rekstur vélbúnaðar og notendahugbúnaðar hjá ríkisskattstjóra, átta skattstjórum og yfirskattanefnd. Að auki annast ríkisskattstjóri einnig miðlæga þjónustu við skattrannsóknarstjóra. Fjöldi útstöðva sem skattyfirvöld nota er vel á fjórða hundrad. Uppitími og rekstraröryggi hafa verið eins og best verður á kosið. Alltaf er starfsmaður á bakvakt en embættið notast einnig við þjarka (robot) við afritatökur.

## Vélbúnaðarmál

Á árinu 2007 var farið í aðgerðir til að auka rekstraröryggi og gæði þjónustu. Kælikerfi fyrir vélbúnað var uppfært og bætt við loftkælingu (þar sem kælikerfið sem fyrir var, og byggði á vatnskælingu, réð ekki við álagið).

Nýtt eftirlitskerfi var sett upp í maímánuði. Nýja kerfið ber nafnið Nagios og keyrir hjá RSK á Linux vél. Í ágúst var skipt út vél, sem m.a. sér um internet samskiptin. Vélin gegnir veigamiklu hlutverki og var ný og öflug Linux vél sett í staðinn fyrir þá gömlu sem áfram er notuð sem þróunarþjónn vegna [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

## Tengi- og netmál

Í nóvember var nýr eldveggur tekinn í notkun. Nýi eldveggurinn býður upp á fleiri möguleika hvað varðar þjónustu og öryggi og hann eykur hraða upplýsingaflæðis miðað við þann gamla.

Tengingum inn til ríkisskattstjóra fjölgaði á árinu m.a. vegna þess að notendum með heima-aðgang hefur fjölgað.

Á árinu voru gerðar breytingar á nethögun hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sem höfðu áhrif á tölvukerfi ríkisskattstjóra. Notendur hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins tengjast nú netkerfinu hjá ríkisskattstjóra og nota aðgangspjón (e. logon server) sem er staðsettur hjá ríkisskattstjóra.

Farið var í endurskoðun á nettengingum milli ríkisskattstjóra og skattstofanna á árinu en endurnýjun búnaðar kemur ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2008.

## Hópvinnukerfi

Hópvinnukerfið Lotus Notes og málakerfið GoPro hafa verið í notkun frá árinu 1999. Auk hefðbundins viðhalds voru ýmsar viðbætur gerðar við GoPro á árinu til að auðvelda utanumhald mála.

## Ný atvinnugreinaflokkun

Um mitt ár hófst samstarf við Hagstofu Íslands um innleiðingu nýs flokkunarkerfis fyrir atvinnugreinar á Íslandi, Ísat 2008, sem taka átti gildi 1. janúar 2008. Ríkisskattstjóri útbjó viðmót á þjónustusíðum atvinnurekenda sem leiddi þá í gegnum val á númeri skv. nýja flokkunarkerfinu í þeim tilfellum þegar ekki var ljóst í hvaða atvinnugreinarnúmer starfsemi þeirra flokkaðist. Verkefnið hófst í byrjun nóvember með sameiginlegu bréfi frá Hagstofu Íslands og ríkisskattstjóra. Því var síðan fylgt eftir með ítrekunarbréfi og úthringingum. Verkefninu var að mestu lokið í árslok.

## Ökutækjaskrá

Umferðarstofa tilkynnti á árinu 2006 að aðgangi að svokallaðri Vefekju yrði lokað, en þess í stað veittur aðgangur að vefþjónustum þar sem hægt er að nálgast sömu upplýsingar. Starfsfólk skattkerfisins hefur nýtt sér Vefekjuna til þess að sækja upplýsingar um ökutæki og því var nauðsynlegt að smíða notendaviðmót sem nýtir sér vefþjónustu Umferðarstofu, til þess að nálgast upplýsingarnar. Smíði þessa viðmóts var langt komin í árslok 2006 og lauk á árinu 2007. Kerfið hlaut vinnuheimtið Bjallan og var það tekið í notkun í lok febrúar á árinu. Ríkisskattstjóri rekur kerfið og veitir öðrum opinberum aðilum gjaldfrjálstan aðgang að því. Eftir sem áður þurfa þessir aðilar að semja við Umferðarstofu um aðgang að upplýsingunum. Að auki lét ríkisskattstjóri dómsmálaráðuneytinu allan forritskóða kerfisins í té gjaldfrjálst og til frjálsra afnota.

## Upplýsingastefna

Á árinu var unnið að endurskoðun á stefnu ríkisskattstjóra í upplýsinga- og upplýsingatæknimálum. Í nýrri stefnu mun verða mörkuð sýn embættisins á þróun næstu ára og með hvaða hætti unnt verði að auka rafræna stjórnslu skattyfirvalda. Til skoðunar er hvaða verkefni verða unnin innan dyra hjá ríkisskattstjóra og hvaða verkum verði úthýst og þá með hvaða hætti. Sömu leiðis hvaða viðmiðanir skynsamlegt er að setja um þjónustu við notendur og öryggismál.

## Alþjóðleg samvinna

Fundur ríkisskattstjóra Norðurlandanna var haldinn í Reykjavík og Vestmannaeyjum dagana 19. til 21. júní. Fundir þessir eru haldnir árlega og skiptast löndin á að halda þá. Árið 2007 var röðin komin að Íslandi. Ríkisskattstjórafundir Norðurlanda eru miðpunktur í norrænni samvinnu skattfirvalda. Hefur hún aukist nokkuð á síðustu árum, m.a. með sameiginlegum skattavef sem hýstur er á Íslandi ([nordisketax.net](http://nordisketax.net)).

Samnorræn námstefna um milliverðlagningu (e. transfer pricing) var haldin á Íslandi dagana 17. til 19. september. Yfirskrift námstefunnar var endurskipulagning fyrirtækja (e. business restructuring). Námstefnan var ætluð sérhæfðu starfsfólki á sviði alþjóðlegrar skattlagningar og var skipulögð af ríkisskattstjóra. Þátttakendur voru samtals 50 eða 10 frá hverju Norðurlandanna utan Íslands og Færeyja sem samanlagt voru með 10 þátttakendur.

Þann 12. til 14. desember var haldinn ellefti fundur ríkisskattstjóra í Eystrasaltsríkjunum, Baltic Sea Region. Fundinn sóttu fulltrúar frá Rússlandi, Lettlandi, Litháen, Eistlandi, Þýskalandi, Póllandi, Finnlandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Á fundinum var rætt um nýlegar breytingar og áherslur í skattamálum og hve sjónarmið eru mismunandi en Norðurlöndin skera sig nokkuð úr í þessum ríkjahópi. Fundarmenn voru sammála um að leggja áherslu á samstarf í málefnum sem tengjast viðskiptum tengdra aðila yfir landamæri með áherslu á milliverðlagningu (e. transfer pricing).

Nordisk eTax er sameiginlegur upplýsingavefur Norðurlandanna sem hefur verið í þróun síðustu ár. Vefurinn inniheldur víðtækar upplýsingar um skattamál í löndunum, einkum þegar um skattalega hagsmuni er að ræða í tveimur löndum samtímis. Nú hefur þremur efnisflokkum verið bætt við þá sem fyrir voru og eru þeir um skattlagningu íþróttamanna og listamanna, skattlagningu opinberra aðila og skattlagningu fjármagnstekna. Allt er þetta efni sett sérstaklega fram fyrir þá sem fara á milli landa til að starfa eða stunda nám.



# ÁRSREIKNINGUR 2007

## Áritun endurskoðenda

Til embættis Ríkisskattstjóra

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisskattstjóra fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisskattstjóra á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 12. júní 2008

**Sigurður Þórðarson,**  
ríkisendurskoðandi.

**Óskar Sverrisson,**  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2007

### Tekjur

	2007	2006
Ríkistekjur .....	128.953.126	100.692.570
Sértekjur .....	20.586.613	16.108.178
<b>Tekjur samtals</b>	<b>149.539.739</b>	<b>116.800.748</b>

### Gjöld

Laun og launatengd gjöld .....	570.853.943	531.123.640
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	110.075.230	81.746.703
Funda- og ferðakostnaður .....	15.371.612	15.745.412
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	6.641.206	9.617.146
Rekstur tækja og áhalda .....	25.372.690	26.041.892
Annar rekstrarkostnaður .....	10.876.763	9.908.045
Húsnaðiskostnaður .....	36.395.952	36.472.615
Bifreiðarekstur .....	380.764	471.915
Rekstur skattvinnslukerfa .....	265.153.585	274.864.638
	1.041.121.745	985.992.006
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi .....	25.584.384	42.597.891
Eignakaup .....	13.718.994	14.724.110
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.080.425.123</b>	<b>1.043.314.007</b>

<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>	(930.885.384)	(926.513.259)
Ríkisframlag .....	946.500.000	936.700.000
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<b>15.614.616</b>	<b>10.186.741</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2007

<b>Eignir</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Ríkissjóður .....	77.583.187	58.503.823
Viðskiptakröfur .....	13.605.362	11.012.484
Handbært fé .....	50.169.033	50.986.775
<b>Eignir samtals</b>	<b>141.357.582</b>	<b>120.503.082</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>EIGIÐ FÉ</b>		
<b>Höfuðstóll</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	73.634.066	63.447.325
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins .....	15.614.616	10.186.741
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>89.248.682</b>	<b>73.634.066</b>
<b>SKULDIR</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	52.108.900	46.869.016
<b>Skuldir samtals</b>	<b>52.108.900</b>	<b>46.869.016</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR</b>	<b>141.357.582</b>	<b>120.503.082</b>



## Sjóðstreymi árið 2007

	2007	2006
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>		
<b>Veltufé frá rekstri:</b>		
Tekjuafgangur .....	15.614.616	10.186.741
<b>Veltufé frá rekstri</b>	15.614.616	10.186.741
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>		
Skammtímakröfur hækkun .....	(2.592.878)	18.435.455
Viðskiptaskuldir hækkun .....	5.239.884	(28.870.417)
	2.647.006	(10.434.962)
<b>Handbært fé til/frá rekstri</b>	18.261.622	(248.221)
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>		
<b>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</b>		
Framlag ríkissjóðs .....	(946.500.000)	(936.700.000)
Greitt úr ríkissjóði .....	(927.420.636)	948.290.029
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	(19.079.364)	11.590.029
(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....	(817.742)	11.341.808
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	50.986.775	39.644.967
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	50.169.033	50.986.775

## Sex ára yfirlit á verðlagi hvers árs

(í þúsundum króna)

<b>Rekstur</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>	<b>2002</b>
Rekstrartekjur	149.540	116.801	104.001	74.738	34.255	3.956
Rekstrargjöld	1.041.122	985.992	915.158	862.545	795.085	737.721
Stofnkostnaður	39.303	57.322	55.857	65.321	54.758	65.556
Halli fyrir ríkisframlag	(930.885)	(926.513)	(867.014)	(853.128)	(815.588)	(799.321)
Ríkisframlag	946.500	936.700	873.400	858.000	856.635	789.370
Tekjuafgangur ársins	15.615	10.187	6.386	4.872	41.047	(9.951)

<b>Efnahagur</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>	<b>2002</b>
Veltufjármunir	141.358	120.503	139.187	93.752	67.895	49.963
<b>Eignir alls</b>	<b>141.358</b>	<b>120.503</b>	<b>139.187</b>	<b>93.752</b>	<b>67.895</b>	<b>49.963</b>
Höfuðstóll	89.249	73.634	63.447	57.062	52.189	11.142
Skammtímaskuldir	52.109	46.869	75.740	36.690	15.706	38.821
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>141.358</b>	<b>120.503</b>	<b>139.187</b>	<b>93.752</b>	<b>67.895</b>	<b>49.963</b>



***RSK***  
RÍKISSKATTSTJÓRI

LAUGAVEGUR 166 · 150 REYKJAVÍK · Sími: 563 1100 · [www.rsk.is](http://www.rsk.is)